

Grunnskólafélag Ísafjarðarbæjar.

Í upphafi hvers kafla eru tilgreindir helstu þættir sem fræðslunefnd vill hafa að leiðarljósi, síðan eru talin upp markmiðin sem stefnt skal að og mögulegar leiðir til að ná þeim. Loks er framkvæmdaáætlun, verklýsingar og tímasetningar verkaloka, eftir því sem við á hverju sinni.

Skólahverfi

Leiðarljós:

Ísafjarðarbær er eitt skólahverfi með fjóra heildstæða grunnskóla.

Markmið:

Að nemendur sækji að öðru jöfnu, þann grunnskóla sem næstur er heimili þeirra.

Að nemendur geti stundað nám í fjarlægari skóla í sveitarfélaginu ef þörf krefur og viðkomandi skóli er í stakk búinn til að taka á móti þeim.

Að skólarnir séu sjálfstæðar stjórnunareiningar og geti ræktað séreinkenni sín.

Að skólarnir séu heilsdagsskólar eða geti boðið frístundaúrræði fyrir þá nemendur sem þess þurfa.

Að skráningu væntanlegra nýnema hvers skólaárs sé lokið fyrir 1. maí, ár hvert.

Leiðir:

Sveitarfélagið greiði fargjöld fyrir þá nemendur sem þurfa að nota strætisvagn/skólabíl til að komast milli heimilis og næsta grunnskóla.

Viðhlítandi frístundaúrræði verði hendi í öllum skólunum.

Framkvæmdaáætlun:

Umsóknarfrest um skólavist og dagsetningar skráningardaga nýnema í 1. bekk skal auglýsa með góðum fyrirvara. Umsóknir skulu að jafnaði berast til Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar fyrir 1. maí.

Áætluð þörf og tilhögun frístundaúrræða næsta skólaárs liggja fyrir áður en fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er gerð.

Skipulagningu vegna komandi skólaárs skal ljúka að vori; að svo miklu leyti sem unnt er.

Aðstaða

Leiðarljós:

Góð og örugg aðstaða verði fyrir nemendur og alla aðra sem vinna í grunnskólum Ísafjarðarbæjar.

Markmið:

Að húsnæði og húsbúnaður, skólalóðir, tækja/tæknibúnaður og kennslugögn grunnskólanna í Ísafjarðarbæ uppfylli ströngustu gæðakröfur samtímans, hverju sinni.

Að í öllum skólunum verði starfrækt mótuneyti með góðri vinnu- og mataraðstöðu.

Að fæðiskostnaður verði sambærilegur milli skóla.

Að nemendur hafi aðstöðu til að vinna saman, bæði innan hvers skóla og með nemendum hinna grunnskólanna.

Leiðir:

Tryggt þarf að vera að nægilegt fjármagn sé til staðar til að standa straum af kostnaði við allan aðbúnað skólanna.

Ganga frá mótuneytisaðstöðu.

Bæta aðstöðu nemenda til aukinnar samvinnu í skólunum, t.d. með uppsetningu setkróka.

Auka möguleika til samvinnu nemenda milli skóla, t.d. á Netinu.

Framkvæmdaáætlun:

Fullbúin mótuneyti verði til staðar í öllum skólunum, haustið 2008.

Setkrókar fyrir nemendur verði settir upp í öllum skólunum árið 2009.

Skýrsla um nauðsynlegan tæknibúnað og tækjakost verði unnin fyrir upphaf næsta skólaárs, '08-'09, m.a. með tilliti til stórefldrar kennslu í raungreinum.

Tryggja nauðsynlegt fjármagn til þeirra verka sem vinna þarf.

Námsumhverfi og metnaður

Leiðarljós:

Að grunnskólar Ísafjarðarbæjar verði í hópi þeirra bestu á landinu og að nemendur grunnskólanna í Ísafjarðarbæ fari með sem allra best veganesti út í lífið.

Markmið:

Að námsárangur nemenda í grunnskólum Ísafjarðarbæjar verði yfir landsmeðaltali í samræmdum prófum.

Að almenn ánægja með skólana sé ríkjandi, bæði innan veggja og úti í samfélaginu.

Að hver nemandi geti stundað nám við sitt hæfi í grunnskólunum og jafnframt að þeir nemendur í 10. bekk sem tók hafa á, geti sótt áfanga í framhaldsnámi.

Að nemendur í 9. og 10. bekk eigi kost á að velja sér námsgreinar, að lágmarki 8 kest. á viku.

Að nemendur geti fyllt valgreinatíma sína með verklegum greinum eingöngu.

Að nán tengsl skólanna við atvinnulífið séu notuð til að bjóða upp á starfstengt nám.

Leiðir:

Kennsla á unglíngastigi verði í höndum faggreinakennara, eftir því sem við verður komið.

Allar stöður verði mannaðar af réttindafólki, lausar stöður gjarnan auglýstar meðal kennaranema.

Kennarar eigi kost á að fylgjast með nýjungum í kennsluháttum og að meta sameiginlega hvað gæti hentað grunnskólanemendum sveitarfélagsins best.

Skólagjöld vegna framhaldsskólaáfanga sem grunnskólanemar tækju, yrðu greidd af Ísafjarðarbæ.

Námsframboð verði eins fjölbreytt og kostur er, hverju sinni.

Hugað verði að því við stundatöflugerð í skólunum að nemendur geti e.t.v. sótt tíma í valgreinum milli staða.

Þátttöku í íþróttum, tónlistarnámi og viðurkenndum námskeiðum við aðrar menntastofnanir megi meta sem valgreinar. Einnig þá þátttöku nemenda í atvinnulífi sem skipulögð er í samráði við skólastjórnendur/ fagaðila á vegum skólanna.

Framkvæmdaáætlun:

Nánari útfærslur eru gerðar innan hvers skóla fyrir sig.

Nemendur með sérþarfir

Leiðarljós:

Allir nemendur eiga rétt á námi við sitt hæfi. Velliðan eykur árangur.

Markmið:

Að unnt sé að mæta ólíkum námsþörfum allra nemenda við grunnskólana í Ísafjarðarbæ.

Leiðir:

Sérkennarar ásamt fagaðilum Skóla- og fjölskylduskrifstofu semja einstaklingsáætlun í samráði við forráðamenn, skólastjórnendur, kennara/meðferðaraðila, þegar um er að ræða nemendur með mikið skerta námsgetu af einhverjum ástæðum.

Einstaklingsáætlanir verði samdar fyrir afburðanemendur.

Nýbúar með annað móðurmál en íslensku fái viðhlítandi aðstoð.

Á unglíngastigi verði unnt að ljúka því námsefni á tveimur árum sem nú spannar þrjú ár.

Framkvæmdaáætlun:

Kanna hvort þörf er fyrir tveggja ára námsbraut á unglíngastigi. Ef svo er, skal nota skólaárið 2007-2008 til að skipuleggja þá námsleið með hliðsjón af reynslu annarra.

Skólaþróun og mat

Leiðarljós:

Fjölbreytt og metnaðarfullt starf fari fram innan grunnskóla Ísafjarðarbæjar.

Markmið:

Að í grunnskólum Ísafjarðarbæjar sé ávallt grundvöllur fyrir því að starfsfólkið eigi möguleika á að fylgjast með „nýjum straumum“ í skólastarfi.

Að innra starf skólanna byggji á hugmyndafræði sem útfærð er í skólanámskrá hvers skóla fyrir sig.

Að unnin séu a.m.k. tvö matsverkefni árlega í skólunum og niðurstöður þeirra kynntar fyrir skólasamfélaginu.

Að nota niðurstöður innra mats skólanna á eigin verkum til umbóta í skólastarfinu.

Að starf skólanna sé metið reglulega af starfsfólki Skóla- og fjölskylduskrifstofu og utanaðkomandi aðilum.

Leiðir:

Starfsfólki skólanna sé gert kleift að sækja ráðstefnur og fræðslufundi sem tengjast skólastarfinu, bæði innan héraðs og utan.

Þeir aðilar sem eru í námi, miðli nýjungum til samstarfsfólksins í skólunum.

Starfsmenn Skóla- og fjölskylduskrifstofu veiti skólunum faglega leiðsögn.

Framkvæmdaáætlun:

Skólarnir skili til fræðslunefndar, 1. desember og 1. apríl, skýrslum um matsverkefni.

Starfsfólk Skóla- og fjölskylduskrifstofu skipuleggi efni fræðslufunda/námskeiða/fyrirlestra í samráði við skólastjórnendur, fyrir upphaf hvers skólaárs.

Starf skólanna skal metið árlega af starfsfólki Skóla- og fjölskylduskrifstofu; fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar og hverjum skóla fyrir sig skal gerð grein fyrir niðurstöðum matsins.

Utanaðkomandi aðilar verða fengnir fimmta hvert ár til að framkvæma starfsmat í skólunum.

Fjölmenningarlegt starf

Leiðarljós:

Allir menn eiga jafnan rétt á virðingu.

Markmið:

Að í grunnskólum Ísafjarðarbæjar njóti allir nemendur og starfsmenn sömu virðingar, hvaðan sem þeir koma.

Að þau margvíslegu tækifæri, sem fjölmenningarlegt samfélag býður upp á til að fá innsýn í mismunandi menningarheima, séu notuð í skólunum.

Að tungumálaerfiðleikar takmarki ekki samskipti foreldra erlendra nemenda við starfsfólk skólanna.

Að nemendur sem læra íslensku sem annað mál, haldi móðurmáli sínu.

Leiðir:

Móttökuáætlun fræðslunefndar verði aðlöguð hverjum skóla fyrir sig.

Í skólunum verði unnin verkefni sem miða að því að kynna nemendum mismunandi menningu.

Túlkabjónusta standi til boða í foreldraviðtölum og á almennum fundum á vegum skólanna, eftir því sem unnt er.

Styðja við tvítyngi erlendra nemenda með því að útvega þeim móðurmálskennara ef a.m.k. fjögurra nemenda hópar sem eiga sama móðurmál eru í skólunum og vilja nýta kennsluna.

Framkvæmdaáætlun:

Próunarverkefni sem unnin eru í skólunum í þessu skyni, verði samnýtt og kynnt fyrir fræðslunefnd.

Fjármögnun þessara verkefna sé tryggð.

List- og verkgreinar

Leiðarljós:

Kennsla í list- og verkgreinum verði samræmd í grunnskólum Ísafjarðarbæjar.

Markmið:

Að fullbúið húsnæði og tækjakostur til list- og verkgreinakennslu verði til staðar í öllum skólunum.

Að samþætta list- og verkgreinar öðrum námsgreinum og daglegri hreyfipjálfun nemenda eftir því sem við verður komið.

Að tónmennt og dans verði hluti af námsefni nemenda allra árganga í grunnskólunum, þeim að kostnaðarlausu.

Að nýsköpun verði fastur liður í almennu skólastarfi.

Að sýningar á verkum nemenda verði hluti af skólastarfinu.

Leiðir:

Aukið samstarf við tónlistarskólana, einkum fyrir nemendur á yngri stigunum.

Aðstaða til list- og verkgreinakennslu verði stórefld og nauðsynlegur tækjabúnaður keyptur.

Sýningar á verkum nemenda. Danssýningar.

Framkvæmdaáætlun:

Áhersla verði lögð á að danskennsla standi öllum nemendum til boða í öllum skólunum innan næstu fimm ára.

Árlegar sýningar á verkum nemenda.

Umhverfismál

Leiðarljós:

Stórfengleg náttúra er fjársjóður sem verðskuldar virðingu.

Markmið:

Að nemendur grunnskólanna í Ísafjarðarbæ þekki umhverfi sitt, læri að njóta þess, vernda það og varast hættunnar sem það býr yfir.

Leiðir:

Nemendur kynnist umhverfi sínu af eigin raun í skoðunarferðum undir leiðsögn staðkunnugra. Fjöruferðir, grasaferðir, heimsóknir í fyrirtæki, söfn og aðra merka staði. Vinna umhverfisverkefni með stuðningi samfélagsins. Skólaheimsóknir þar sem gestgjafarnir kynna nánasta umhverfi sitt fyrir gestunum.

Framkvæmdaáætlun:

Kennarar skólanna skipuleggja vettvangsferðir/heimsóknir, í samráði við skólastjórnendur. Unnin verði umhverfisfræðslustefna í hverjum skóla fyrir sig og verði stefnan tilbúin fyrir skólaárið 2009-2010.

Heilsa og forvarnir

Leiðarljós:

Heilbriggt skólasamfélag.

Markmið:

Að einelti fyrirfinnist ekki í grunnskólum Ísafjarðarbæjar. Að heilsusamlegt umhverfi og starf sé ríkjandi í skólunum. Að almennu forvarnarstarfi sé sinnt í skólunum í samvinnu við íþrótt- og tómstundafélög, lögreglu og starfsfólk heilbrigðisþjónustu. Að nemendur hafi þekkingu á og ástundi holla lífshætti. Að samræmdar reglur gildi ef eineltis, tóbaks- eða vímuefnanotkunar verður vart í skólunum.

Leiðir:

Efling sjálfsvirðingar nemenda og tillitssemi við aðra verði hluti af námskrá. Allt starfsfólk skólanna verði vakandi fyrir því hvar og hvenær líklegast sé að einelti eigi sér stað í skólunum og viti hvernig á að bregðast við ef til kemur. Lögð sé áhersla á að markviss fræðsla um forvarnir í samstarfi við lögreglu og starfsfólk heilsugæslu fari fram í skólunum. Samstarf sé haft við íþrótt- og tómstundafélög. Efla þekkingu nemenda á næringargildi fæðu og stuðla að aukinni hreyfingu í skólunum.

Framkvæmdaáætlun:

Stuðst verði við áætlunina: Allt hefur áhrif og íþróttakennsla aukin í samræmi við hana, á næstu tveimur árum. Gerð verði, í samráði við fagaðila, sameiginleg áætlun um viðbrögð ef upp kemur einelti, eða vímuefna-/tóbaksnotkunar verður vart í skólunum.

Endurmenntun- símenntun

Leiðarljós:

Að grunnskólarnir í Ísafjarðarbæ séu metnaðarfullir, jákvæðir og uppbyggilegir vinnustaðir.

Markmið:

Að öflug og markviss sí- og endurmenntunarstefna sé fyrir hendi í skólunum, þar sem lögð er áhersla bæði á hagsmuni stofnananna og persónulega þróun starfsfólks í starfi.

Að unnt sé að samnýta aðkeypt fræðsluefni fyrir starfsfólk allra skólanna í senn.

Að starfsmenn Skóla- og fjölskylduskrifstofu skipuleggi/haldi fræðslufundi, námskeið og fyrir-lestra í samræmi við endurmenntunarstefnu skólanna hverju sinni.

Að starfsfólk skólanna miðli hvert öðru af reynslu sinni og þekkingu.

Leiðir:

Samræming fastrar viðveru í skólunum.

Að í endurmenntunaráætlun felist tækifæri fyrir kennara að sækja fræðslu vegna nemenda með sérþarfir og til þess að stunda framhaldsnám.

Sameiginlegir fundir allra kennara á hverju stigi/í hverju fagi, verði haldnir einu sinni til tvisvar árlega.

Starfsfólk Skóla- og fjölskylduskrifstofu stuðli að samvinnu með því að skipuleggja fræðslu- og kynningarefni fyrir alla grunnskólana sameiginlega.

Framkvæmdaáætlun:

Í hverjum skóla skal sí- og endurmenntunaráætlun gerð til þriggja ára í senn. Áætlunin er endurskoðuð árlega og kynnt fræðslunefnd fyrir lok maí, ár hvert.

Starfsfólk Skóla- og fjölskylduskrifstofu skipuleggi efni námskeiða/fræðslufunda/fyrirlestra í samráði við skólastjórnendur, við upphaf hvers skólaárs.

Samvinna við heimilin

Leiðarljós:

Skólastarf er samvinnuverkefni nemenda, foreldra og starfsfólks skólanna.

Markmið:

Að foreldrar nemenda í grunnskólum Ísafjarðarbæjar taki virkan þátt í námi barna sinna.

Að almennar upplýsingar um skólastarfið séu aðgengilegar fyrir foreldra.

Leiðir:

Almennar upplýsingar séu á heimasíðum skólanna..

Fréttabréf og tölvupóstur.

Heimsóknir foreldra í skólana, bæði til að fylgjast með námi barna sinna og hitta starfsfólk.

Áheyrnarfulltrúi foreldra í fræðslunefnd miðli upplýsingum milli nefndarinnar og foreldra og komi sjónarmiðum beggja aðila á framfæri.

Framkvæmdaáætlun:

Stjórnendur/umsjónarmenn uppfæri heimasíður skólanna eftir þörfum.

Stjórnendur skólanna sjái til þess að samin sé árleg áætlun um samstarf heimila og skóla í samráði við foreldra eða foreldrafélög.

Sérfræðiþjónusta

Leiðarljós:

Að forvarnir verði vaxandi þáttur í sérfræðiþjónustu skólanna.

Markmið:

Að nemendum grunnskólanna í Ísafjarðarbæ standi alltaf til boða sú sérfræðiþjónusta sem þeir þarfnast.

Að unnt sé að framfylgja þeim úrræðum sem sérfræðingar telja nauðsynleg til að tryggja velfarnað nemenda eins vel og mögulegt er.

Að starfsfólk Skóla- og fjölskylduskrifstofu hafi yfir að ráða nauðsynlegum tækjabúnaði til að geta gert lögbundnar athuganir og greiningar. (Sbr. 43. og 46. gr. grunnskólalaga).

Að starfsfólk Skóla- og fjölskylduskrifstofu hafi eftirlit með því að staðlaðar kannanir séu gerðar á lestrarkunnáttu grunnskólabarna og málþroska leikskólabarna.

Að starfsfólk Skóla- og fjölskylduskrifstofu geti sinnt þeirri ráðgjöf og fræðslu, sem sóst er eftir af starfsfólki skólanna, á dagvinnutíma.

Leiðir:

Nægilegur mannaflí sé starfandi á Skóla- og fjölskylduskrifstofu til þess að sinna eftirspurn eftir sérfræðiþjónustu við skólana.

Athuganir og greiningar séu gerðar, viðeigandi úrræði fundin og þeim framfylgt.

Framkvæmdaáætlun:

Tryggt sé að nægilegt fjármagn verði áætlað til að standa straum af kostnaði vegna sérúrræða.

Forsvarsmenn Skóla- og fjölskylduskrifstofu skipuleggja, ásamt skólastjórnendum, tíma til samstarfs, fræðslu og fundahalda eftir því sem þurfa þykir hverju sinni.

Tengsl milli skóla og skólastiga

Leiðarljós:

Samstarf ríki milli allra skóla í Ísafjarðarbæ.

Markmið:

Að öflugt samstarf sé milli allra skóla og skólastiga í Ísafjarðarbæ.

Leiðir:

Lögð sé rækt við gagnkvæmar skólaheimsóknir.

Kennarar leik- og grunnskólanemenda og faggreinakennarar grunn- og framhalds-skólanemenda þekki námsefni og námskröfur beggja skólastiganna.

Framkvæmdaáætlun:

Stjórnendur skólanna skipuleggi í sameiningu tíma til heimsókna og fundahalda í upphafi hvers skólaárs.

Grunnskólastefna Ísafjarðarbæjar þannig samþykkt á
241. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 2. apríl 2008.